

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð nr. 207 30. september 1966 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.

1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum ár hvert á því svæði í suðurhluta Borgarfjarðarsýslu, sem talið er hér á eftir: Frá Hvalfirði að varnargirðingu, sem liggur frá sjó við Andakilsárós upp í Skorradalavatn og úr vatninu sunnan til yfir í Lundarreykjadal og þaðan upp að Grímsá, suður með henni í Reyðarvatn og úr því í varnargirðingu, sem liggur úr Hvalfirði í Langjökul.

Enn fremur skal bólusetja veturgamalt fé á þessu svæði haustið 1969.

2. gr.

Um bólusetningu samkvæmt þessari auglýsingu fer samkvæmt reglugerð nr. 207/1966.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt 44. gr. laga nr. 23 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra og 2. málsgrein 1. gr. reglugerðar nr. 207/1966 og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. nóvember 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

16. október 1969.

Nr. 252.

AUGLÝSING

um umferð í Gerðahreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Gerðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Gerðahreppi:

1. Aðalbrautarréttur hefur verið ákveðinn á þjóðveginum um Gerðahrepp frá vegamótum Sandgerðisvegur að Garðskagavita.
 2. Umferð um Gerðaveg hefur forgangsrétt fyrir umferð um Gauksstaðaveg og Skeggjastaðaveg.
- Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 16. október 1969.

Einar Ingimundarson.